

- 47 Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem smáanar opinberlega eða hefur annars í
27. júní frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum, eða ærumeiðandi að-
dróttanir við aðra starfsmenn erlends ríkis, sem staddir eru hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

48

L Ö G

27. júní

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Tölurnar „60“ og „6“ í b-lið 1. greinar verða: 80 og 8.

2. gr.

Á undan tölunni „5000“ í c-lið 1. greinar koma orðin: ekki færri en.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

49

L Ö G

27. júní

um læknisvitjanasjóði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Ríkissjóður leggur árlega fram fé til læknisvitjanasjóða, er stofnaðir verða í læknishéruðum samkvæmt ákvæðum laga þessara, gegn þriðjungsframlagi annars staðar að. Framlag ríkissjóðs má ekki fara fram úr 1 kr. á hvern héraðsbúa, er heima á utan þess kaupstaðar eða kaupsins, þar sem læknir situr, og ekki yfir 1000 kr. til hvers læknisvitjanasjóðs.